

# Umhyggja

Félag langveikra barna

Jólaort  
Umhyggju 2018

## Hundavinir Rauða krossins

Vélmenni á  
vettvangi

- samstarf Umhyggju  
og Vodafone

Líkami minn  
er veikur

- ný bók fyrir börn  
í krabbameinsmeðferð

Stjúptengsl  
um jólin





6 Ráðstefna í Texas



16 Vélmanni á vettvangi



8 30 ára afmæli ADHD samtakanna

## AÐILDARFÉLÖG UMHYGGJU

### AHC samtökin

Formaður: Sigurður  
Hólmur Jóhannesson  
Símar: 898 9097 / 697 4550  
Netfang: ahc@ahc.is  
Vefsíða: www.ahc.is

### Barnahópur Gígtarfélagsins

Formaður: Sunna Brá Stefánsdóttir  
Netfang: foreldrahopur@gmail.com  
Vefsíða: www.gigt.is

### Breið bros - samtök aðstandenda barna fædd með skarð í vör og góm

Formaður: Haraldur Haraldsson  
Sími: 6931166  
Netfang: halli@lectus.is  
Vefsíða: www.breidbros.is

### CP félagið

Formaður: Björn Valdimarsson  
Netfang: cp@cp.is  
Vefsíða: www.cp.is

### Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki

Formaður: Leifur Gunnarsson  
Sími: 8689048  
Netfang: dropinn@dropinn.is  
Vefsíða: www.dropinn.is

### Einstök börn - félag til stuðnings börnum með sjaldgæfa alvarlega sjúkdóma

Formaður: Guðmundur  
Björgvín Gylfason  
Sími: 6992661  
Framkvæmdastjóri: Guðrún  
Helga Harðardóttir  
Sími: 5682661 / 6992661  
Netfang: einstokborn@einstokborn.is  
Vefsíða: www.einstokborn.is

### Foreldradeild Blindrafélagsins

Formaður: Páll Guðbrandsson  
Sími: 569 6022 / 8941617  
Netfang: pgudbrands@gmail.com  
Vefsíða: www.blind.is

### Foreldrafélag barna með axlarklemmu

Sími: 5524242

### Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra

Formaður: Margrét Stefánsdóttir  
Sími: 899 6490  
Netfang: margretstef@gmail.com  
Vefsíða: ww.fsfh.is

### Hetjurnar - félag aðstandenda langveikra barna á Norðurlandi

Formaður: Linda Rós Daðadóttir  
Sími: 8687410  
Netfang: hetjurnar@simnet.is  
Vefsíða: www.hetjurnar.is

### Lauf - Félag flogaveikra barna

Formaður: Brynhildur Arthúrsdóttir  
Sími: 551 4570  
Netfang: lauf@vortex.is  
Vefsíða: www.lauf.is

### Lind - félag um meðfædda ónæmisgalla

Formaður: Guðlaug María Bjarnadóttir  
Sími: 552 7082 / 6988806  
Netfang: gmb@bhs.is  
Vefsíða: www.lindisland.net

### Neistinn

#### - styrktarfélag hjartveikra barna

Formaður: Guðrún Bergmann Franzdóttir  
Framkvæmdastjóri: Friða B. Arnardóttir  
Sími: 8991823  
Netfang: neistinn@neistinn.is, frida@neistinn.is  
Vefsíða: www.neistinn.is

### Perthes

Sími: 552 4242

### Fimir fætur/ Klumbufætur

Sími: 552 4242

### PKU félagið á Íslandi, félag um arfgenga efnaskiptagalla

Formaður: Steingrímur Ægisson  
Sími: 565 8238 / 8976688  
Netfang: steingrimur@samkeppni.is  
Vefsíða: www.pku.is

### SKB - Styrktarfélag

#### krabbameinssjúkra barna

Formaður: Rósa Guðbjartsdóttir  
Sími: 6645558  
Framkvæmdastjóri: Gréta Ingbórsdóttir  
Sími: 588 7555 / 588 7559  
Netfang: skb@skb.is, greta@skb.is  
Vefsíða: www.skb.is

### Tourette samtökin á Íslandi

Formaður: Arnþrúður Karlsdóttir  
Sími: 8402210  
Netfang: tourette@tourette.is  
Vefsíða: www.tourette.is

## EFNI BLAÐSINS

2.tbl. 23. árg. 2018

- 3 Hundar, vélmanni og viðburðir
- 4 Fréttir af vef Velferðarráðuneytisins
- 5 Jólakort Umhyggju
- 6 Ráðstefna í Texas
- 7 Krakkaklúbburinn Krummi
- 8 30 ára afmæli ADHD samtakanna
- 9 Hlaupið fyrir Umhyggju
- 10 Líkami minn er veikur
- 12 Hundavinir Rauða krossins
- 14 Umhyggja og KVAN í samstarf
- 16 Vélmanni á vettvangi
- 17 Umhyggja styrkt
- 18 Umhyggja styrkt
- 18 Stjúptengsl um jólin

## Frá ritstjóra Umhyggjubleðsins

# Hundar, vélmennir og viðburðir

Það eru að koma jólar, hátíðin þar sem fólk hittist og gerir sér glaðan dag. Þetta er jafnframt sá tími ársins þar sem sumir upplifa einmanaleika og einangrun hvað sterkast. Félagsleg einangrun er fylgifiskur margra sjúkdóma og eitthvað sem langveik börn þurfa gjarnan að kljást við í lengri eða skemmri tíma.



Árný Ingvarsdóttir.

Að þessu sinni förum við um víðan völl í Umhyggjubleðinu, en beinum kastljósinu þó í talsverðum mæli að úrræðum sem miða að því að rjúfa félagslega einangrun með ýmsum hætti. Við segjum ykkur frá áhugaverðu verkefni heimsóknarinnar Rauða kross Íslands sem heitir Hundavinir, en á dögnum heimsótti hundurinn Nala hann Snorra, 11 ára gamlan strák, sem að þessu sinni prýðir forsíðu Umhyggjubleðsins.

Við fjöllum um nýja barnabók, Líkami minn er veikur, sem kemur út nú í desember og er ætluð börnum sem undirgangast krabbameinsmeðferð. Höfundur bókarinnar er Elín Berglind Skúladóttir, móðir 5 ára gamallar stúlku sem greindist með bráðahvítblæði í fyrra, en myndskreytingar annaðist Ninna Þórarinsdóttir hönnuður.

Þá færum við ykkur fréttir af sjálfstýrkingarnámskeiði sem Umhyggja stendur fyrir í samstarfi við KVAN, ætlað systkinum langveikra barna. Við fjöllum um styrki sem Umhyggja þáði á árinu, meðal annars íbúð sem Umhyggja eignaðist fyrir skömmu, og kynnum sömuleiðis Krakkaklúbbinn Krumma sem Listasafn Íslands stendur fyrir og er ætlaður öllum börnum og fjölskyldum þeirra.

Æ fleiri börn og foreldrar eru í stjúpfjölskyldum, sem býður upp á bæði aukna gleði og auknið flækjustig. Sérstaklega getur skipulag jólaanna reynst mörgum höfuðverkur, því það er víst ekki hægt að vera á fleiri en einum stað í einu. Valgerður Halldórsdóttir, félags- og fjölskylduráðgjafi, gefur okkur góð ráð í umfjöllun um jólin í stjúpfjölskyldum.

Við fjöllum um best klædda lið Reykjavíkumaraþonsins 2018, lið Boss búðarinnar, sem hljóp til styrktar Umhyggju. Elín Hoe Hinriksdóttir, formaður ADHD samtakanna, segir okkur frá viðburðum á 30 ára afmælisári félagsins og þau Eyþór og Ingibjörg fjalla um ráðstefnu sem fjölskyldan sótti síðastliðið sumar fyrir tilstuðlan styrks frá Einstökum börnum, þar sem þau fræddust um sjaldgæfan sjúkdóm sem kallast Hnjóskahersli, og tengdust um leið öðrum sem standa í sömu sporum í heiminum.

Jólaort ársins 2018 á sinn fasta sess í jólablaði Umhyggju, en að þessu sinni er listamaðurinn hin 8 ára gamla Narita Nara-pat Boonlit. Við þökkum henni kærlega fyrir fallega mynd.

Loks segjum við ykkur frá afar spennandi og hátæknilegu verkefni sem Umhyggja og Vodafone fara af stað með á næstu vikum, en um er að ræða vélmennir sem ætlað er að rjúfa félagslega einangrun barna sem ekki geta tekið þátt í skóla eða félagsstarfi vegna veikinda.

Jólin eru á næsta leiti og áreitið í samfélaginu að ná hápunkti sínum hvert sem lítið er. Höfum hugfast að það erum við sem ráðum ferðinni, hvort sem er í því sem við gerum, eða í því hvernig við kjósum að bregðast við aðstæðum. Lífið er flæði sem breytist stöðugt og hefðir gærdagsins henta ekki endilega á morgun. Það er því undir okkur komið hvernig við göngum inn í hátíð ljóss og friðar og hvaða gildi við höfum í forgrunni. Sýnum nærgætni, skilning og kærleika, bæði öðrum en ekki síður okkur sjálfum.

**Gleðilega hátíð!**



## UM FÉLAGIÐ

Umhyggja er félag sem vinnur að bættum hag langveikra barna og fjölskyldna þeirra.

Í félaginu starfa foreldrar langveikra barna og fagfólk innan heilbrigðiskerfisins. Einnig eru félög og hópar foreldra langveikra barna í félaginu.

Umhyggja er fulltrúi Íslands í norrænu samtökunum NOBAB (nordisk organisation för sjuka barns behov). Umhyggja er einnig aðili að evrópsku samtökunum EACH (The European Association for Children in Hospital) en þau vinna bæði að bættum hag sjúkra barna og foreldra þeirra.

### HELSTU STEFNUMÁL UMHYGGJU ERU M.A.:

- Að veita upplýsingar um þarfir langveikra barna.
- Að benda stjórnvöldum á þessar þarfir.
- Að hvetja þau til úrbóta á aðbúnaði veikra barna.
- Að efla samvinnu innlendra og erlendra félaga sem hafa sambærilega stefnu.

### Framkvæmdastjóri:

Ragna K. Marinósdóttir  
Netfang: umhyggja@umhyggja.is

### Heimilisfang Umhyggju er:

Umhyggja – félag langveikra barna  
Háaleitisbraut 13  
108 Reykjavík  
Sími: 552 4242  
Netfang: umhyggja@umhyggja.is

### Forsíðumynd: Árný Ingvarsdóttir



## TÍMARIT UMHYGGJU

2. tbl. 23. árg. 2018

Útgefandi: Umhyggja, félag langveikra barna

Ábyrgðarmaður blaðsins: Ragna K. Marinósdóttir

Stjórn Umhyggju: Regína Lilja Magnúsdóttir, Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, Andrés Ragnarsson og Fróði Kristinsson.

Ritnefnd: Ragna K. Marinósdóttir, Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, og Fróði A. Kristinsson.

Ritstjóri: Árný Ingvarsdóttir, arny@umhyggja.is

Útlitshönnun: IB

Ljósmyndari: Árný Ingvarsdóttir

Auglýsing: Markaðsmenn

Prentun: Litlaprent

Skrifstofa Umhyggju er að Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík; sími 552 4242

Fylgstu með okkur á Facebook og vefnum, www.umhyggja.is

# Full greiðsluþátttaka sjúkratrygginga vegna kaupa á innöndunartækjum

## – Fréttir af vef Velferðarráðuneytisins –

*Sjúklingar með slímseigjusjúkdóm (Cystic Fibrosis) munu hér eftir fá innöndunartæki og nauðsynlega fylgihluti, sér að kostnaðarlausu samkvæmt ákvörðun heilbrigðisráðherra. Að jafnaði fæðist eitt barn, annað hvert ár, með þennan alvarlega lungnasjúkdóm og eru innöndunartækin lífsnauðsynleg þessum sjúklingum.*

Sjúklingar með slímseigjusjúkdóm (Cystic Fibrosis) munu hér eftir fá innöndunartæki og nauðsynlega fylgihluti, sér að kostnaðarlausu samkvæmt ákvörðun heilbrigðisráðherra. Að jafnaði fæðist eitt barn, annað hvert ár, með þennan alvarlega lungnasjúkdóm og eru innöndunartækin lífsnauðsynleg þessum sjúklingum.

Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga vegna innöndunartækja fyrir þennan sjúklingahóp hefur almennt numið 70%. Nauðsynlegt er að endurnýja tækin og fylgihluti reglulega. Tækin skipta sköpum fyrir líf og heilsu viðkomandi sem þurfa að nota þau tæki daglega og í flestum tilfellum oftast en einu sinni á dag.

Umboðsmaður barna hefur beint áskorun til velferðarráðuneytisins um að fella niður greiðsluþátttökuna. Slík áskorun hefur einnig borist frá samtökum um Cystic Fibrosis á Íslandi. Bent hefur verið á að ýmsar aðrar öndunarvélur séu niðurgreiddar að fullu. Enn fremur hefur verið vísað til þeirrar skyldu stjórnvalda að veita langveikum börnum þá aðstoð og þjónustu sem þau þurfa á að halda án endurgjalds, í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna.

Fimm sjúklingar hér á landi eru nú með innöndunartæki vegna slímseigjusjúkdóms með niðurgreiðslu sjúkratrygginga. Áætlaður kostnaðarauki sjúkratrygginga sem leiðir af hækkun greiðsluþátttöku vegna innöndunartækja og fylgihluta úr 70% í 100% er innan við hálf milljón króna á ári. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segir þetta réttlætismál sem skipti miklu máli fyrir þá sem í hlut eiga.

### Fyrsti fundur þingmannanefndar um málefni barna

Nýskipið samráðsnefnd þingmanna sem falið hefur verið að endurskoða barnaverndarlög og leggja til aðrar breytingar sem kunna að vera nauðsynlegar til að skapa heildarsýn í málefnum barna og þjónustu við þau, fundaði í fyrsta 9. október 2018. Nefndin mun starfa að þessu viðamikla verkefni í samvinnu við sérfræðinga stjórnáráðsunnar, fagfólk og hagsmunaaðila.

Nefndin er skipuð að frumkvæði Ásmundar Einarssonar, félags- og jafnréttismálaráðherra, sem boðað hefur endurskoðun á barnaverndarlögum, félagslegri umgjörð í málefnum barna og þjónustu við börn á landsvisu. Markmiðið er að tryggja að hagsmunir barna hafi ávallt forgang, stuðla að snemmtækri íhlutun og samfelldri þjónustu þegar hennar er þörf. Með þetta að leiðarljósi undirrituðu fimm ráðherrar og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga viljayfirlýsingu nýlega um auknið samstarf á málefna sviðum sem snúa að velferð barna.

Áætlað er að haustið 2019 liggi fyrir þverpólitísk afstaða þingmannanefndarinnar til breytinga á skipulagi barnaverndarstarfs í landinu, sem og afstaða þeirra stjórnvalda sem hlutverki hafa að gegna á málefna sviðinu.

Formaður nefndarinnar er Líneik Anna Sævarsdóttir, þingmaður Framsóknar. Með nefndinni starfar Erna Kristín Blöndal, lögfræðingur og verkefnastjóri í málefnum barna hjá velferðarráð-

uneytinu. Nefndinni til aðstoðar verður þverfaglegur hópur starfsmanna ráðuneyta, auk annarra sérfræðinga og hagsmunaaðila. Aðrir nefndarmenn eru Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokks, Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingar, Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata, Guðmundur Ingi Kristinsson, þingmaður Flokks fólksins, Ómar Ásbjörn Óskarsson, varaþingmaður Viðreisnar og Anna Kolbrún Árnadóttir, þingmaður Miðflokks.

### Ráðherra fundar í Finnlandi um málefni barna

Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, átti þann 26. september fund með umboðsmanni barna í Finnlandi auk þess að hitta sérfræðinga og verkefnastjóra í finnska félagsmálaráðuneytinu sem vinna að tveimur viðamiklum verkefnum sem tengjast málefnum barna. Ásmundur var staddur í Finnlandi og fundaði með þarlandum stjórnvöldum meðal annars um húsnæðismál, jafnréttismál og fjölskyldumál en 26. september var helgaður málefnum barna.

Verkefnið sem ráðherra voru kynnt fela í sér metnaðarfullar áætlanir um aukna samhæfingu milli kerfa sem starfa að málefnum barna og bættu yfirsýn, auk þess að sníða þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra betur að þörfum þeirra en gert hefur verið í gildandi kerfi.

Í viðræðum aðila kom fram að bæði Finnland og Ísland virðast glíma við sambærilegan vanda á þessu sviði, þar

sem þjónusta við börn og fjölskyldur þeirra þykir brotakennnd, ekki síst vegna skorts á samvinnu milli ólíkra kerfa sem koma að því að veita börnum þjónustu. Ásmundur Einar hefur lýst yfir áformum um að brjóta niður múra milli kerfa, brúa bil á milli þeirra og setja börnin í öndvegi. Finnar vinna að sama marki og því var áhugavert fyrir fulltrúa þjóðanna tveggja að fræðast um framgang þessara mála í hvoru landi fyrir sig. Í Finnlandi er lagt upp úr samstarfi ráðherra og ráðuneyta til að vinna að framgangi þessara markmiða og hið sama gildir á Íslandi, en nýverið undirrituðu fimm ráðherrar, auk sambands íslenskra sveitarfélaga, sameiginlega viljayfirlýsingu í þessu skyni.

Finnar og Íslendingar deila sambærilegri sýn á þau markmið sem að framan er lýst og þann ávinning í þágu barna sem vænta má af vel grunduðum breytingum: „Við eigum að líta á þá fjármuni sem reiddir eru af hendi í þjónustu við börn sem fjárfestingu fremur en kostnað,“ segir Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra. Hann segir einnig mikilvægt að taka mið af rannsóknum sem gefi til kynna að fjármunir sem varið er í þjónustu við börn, ekki síst með snemmtækri íhlutun, leiði til sparnaðar til lengri tíma lítið. Með góðri þjónustu sem veitt er á réttum tíma megi fyrirbyggja ýmis vandamál þegar börnin vaxa úr grasi og það sé allra hagur.

Ásmundur segir að viðræður sem hann hefur átt við finnsk stjórnvöld verði mikilvægt innlegg í þá vinnu sem framundan er hjá íslenskum stjórnvöldum, undir forystu félags- og jafnréttismálaráðherra: „Ætlunin er að skapa raunverulega barnvænt samfélag og stefna að því metnaðarfulla takmarki að árið 2030 verði hvergi betra að vera barn en á Íslandi,“ segir ráðherra.

## Ráðherra veitir 40 milljónir króna í stuðningsteymi fyrir langveik börn

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að veita Landspítalanum 40 milljónir króna til að koma á fót sérstöku stuðningsteymi fyrir langveik börn með miklar stuðningsþarfarir, meðal annars vegna sjaldgæfra sjúkdóma.

Félagið Einstök börn sem er stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma eða sjaldgæf heilkenni hefur vakið athygli á þörf fyrir slíkt teymi og átti snemma á þessu ári fund með heilbrigðisráðherra þar sem þetta var til umræðu. Árlega greinast hér á landi um 30 börn með sjúkdóma sem teljast til „sjaldgæfra sjúkdóma“ en þar undir eru ýmsir hrörnunarsjúkdómar eða heilkenni. Margir þeirra hafa lítið verið rannsakaðir og í fæstum tilvikum er til eiginleg meðferð við þeim.

Á fyrrnefndum fundi ráðherra og félagsins Einstakra barna kom fram af hálfu fulltrúa félagsins að foreldrar barnanna finni fyrir því að það skorti utanumhald og skýran farveg í málefnum barna þeirra, meðal annars um það hvernig staðið sé að upplýsingagjöf varðandi greiningu, meðferð og þjónustu. Teymi fagfólks sem gæti stutt við börnin og aðstandendur þeirra og miðlað upplýsingum gæti því breytt miklu. Þessar ábendingar félagsins eru í samræmi við umfjöllun sem fram fór innan starfshóps á vegum heilbrigðisráðherra þar sem fjallað var um aðstæður langveikra barna og fjölskyldna þeirra.

Heilbrigðisráðherra segir að sérstakt stuðningsteymi eins og hér um ræðir geti tvímælalaust orðið mikilvægur stuðningur við hlutaðeigandi börn og aðstandendur. Þarna sé um að ræða alvarlega og langvinna sjúkdóma sem

hafi varanleg áhrif á líf barnanna og fjölskyldna þeirra. Um ríka þörf fyrir öflugan faglegan og félagslegan stuðning og utanumhald verði ekki deilt.

## Endurskoðun reglugerðar til að jafna rétt barna

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur ákveðið að láta endurskoða ákvæði reglugerðar um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga fyrir tannlækningar og tannréttingar barna vegna afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma. Ráðherra segir endurskoðun nauðsynlega þar sem gildandi reglugerðarákvæði virðist leiða til mismununar sem sé óverjandi.

Reglugerð nr. 451/2013 fjallar um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar. Í III og IV kafla reglugerðarinnar er fjallað um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og tannréttingar vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma.

Málefni barns með skarð í vör sem hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum síðustu daga bendir til þess að börn með fæðingargalla sitji ekki öll við sama borð varðandi rétt til endurgreiðslu kostnaðar vegna nauðsynlegrar þjónustu: „Reglugerðin virðist leiða til þess að rétturinn til endurgreiðslu ræðst af því hvernig fæðingargallinn er, frekar en að lítið sé til afleiðinganna sem hann hefur í för með sér og kostnaðarinn sem hlýst af nauðsynlegum fyrirbyggjandi aðgerðum. Þetta kallar á endurskoðun svo unnt sé að jafna stöðu barna í samræmi við það sem er faglega réttmætt og réttlátt í þessum efnum,“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.



Jólaort Umhyggju



## Narita er listamaður ársins

Þetta árið er jólaort Umhyggju teiknað af Naritu Narapat Boonlit. Hún er 8 ára gömul og er í 3. bekk í Hólabrekkuskóla. Narita er reglulegur gestur á leikstofu Barnaspítala Hringsins, en þar teiknaði hún vinningsmyndina.

„Ég elska að dansa og mig langar að komast í dansskóla. Mér finnst líka mjög gaman að spila og eins að vera í simanum, sérstaklega í leikjum og á Youtube,“ segir Narita brosandí. Aðspurð segist Narita halda hefðbundin íslensk jól, með íslenskum mat, pökkum, jólatré og heimsókn til ættingja.

En hvað ætli Naritu langi að verða þegar hún stækkar?

„Læknir,“ svarar Narita án þess að hika. Við hlökkum til að fylgjast með Naritu í framtíðinni og þökkum þessum unga og upprennandi listamanni kærlega fyrir sitt frábæra framlag til Umhyggju.

# Ráðstefna í Texas

*Sem foreldri langveiks barns er mikilvægt að fræðast um sjúkdóm eða heilkenni barnsins síns, en ekki síður að komast í tengsl við aðra sem standa í sömu sporum. Að fara á ráðstefnur getur verið gríðargóður vettvangur til að slá tvær flugur í einu höggi, bæði hvað varðar fræðslu og tengslamyndun. Þau Eyþór Örn Eyjólfsson og Ingibjörg Björnsdóttir deila hér með lesendum reynslu sinni af ráðstefnu sem þau sóttu í Dallas, Texas, síðastliðið sumar.*

**D**aníel Örn Eyþórsson er 15 ára og er með sjaldgæfan sjúkdóm sem heitir Hnjóska-hersli eða Tuberous Sclerosis complex (TSC). Hann greindist með sjúkdóminn árið 2012 eða þegar hann var 9 ára gamall og höfum við verið í félagi Einstakra barna síðan þá.

Við foreldrarnir, Ingibjörg Björnsdóttir og Eyþór Örn Eyjólfsson, Daníel Örn og yngri sonur okkar Eyjólfur Örn sem er 9 ára förum á fjölskylduráðstefnu í Dallas, Texas í sumar. Á slíkrri ráðstefnu er hugsað fyrir öllu en börn og unglingar eru í aldursskiptum klúbbum yfir daginn. Á meðan strákarnir voru í öruggum höndum gátum við foreldrarnir valið úr fjölda fyrirlestra en það er mjög einstaklingsbundið hvernig sjúkdómurinn sem Daníel er með hefur áhrif á einstaklinginn og völdum við því fyrirlestra sem gögnuðust okkur hvað best.

Að fara á svona ráðstefnu er ótrúlega gagnlegt fyrir okkur öll. Við foreldrarnir fengum þarna tækifæri til að auka þekkingu okkar á sjúkdómnum, því sem er að gerast í rannsóknum, kynnast færustu sérfræðingum í heimi ásamt því að koma okkur upp tengiliðum á Norðurlöndunum. Við höfum einnig kynnst foreldrum sem standa í sömu sporum og við.

Fyrir Daníel er þetta einnig dýrmætt en hann fær þar tækifæri til að kynnast einstaklingum með sama sjúkdóm og hann er með eða systkinum barna með sama sjúkdóm. Hann er að glíma við vandamál sem flest börn þurfa ekki að takast á við eða hafa áhyggjur af í daglegu lífi og þar af leiðandi er gott fyrir hann að geta séð að hann er ekki einn.

Við förum á sömu ráðstefnu árið 2014 sem haldin var í Washington DC en TSC Alliance heldur þessar ráðstefnur reglulega. Sú ráðstefna var alveg frábær og þessi var ekki síðri. Stór hópur af þeim sem sækja þessar ráðstefnur kemur aftur og aftur. Á ráðstefnunni 2014 vorum við



Eyþór, Ingibjörg, Daníel Örn og Eyjólfur Örn, á fjölskylduráðstefnu í Dallas, Texas í sumar.

ný og svoltið óörugg en núna fjórum árum seinna vorum við mikið öruggari og ófeimin við að sækja okkur allar þær upplýsingar sem okkur vantaði.

Sem foreldrar barns með sjaldgæfan sjúkdóm upplifum við eins og sjálfsagt margir aðrir að maður stendur svoltið einn og veit ekki alltaf hvað maður á að gera. Því er gott að hafa tengingar út fyrir landssteinana hvort sem um er að tæða tengsl við sérfræðinga og/eða foreldra barna með sama sjúkdóm. En það að þekkja aðra foreldra er ekki síður mikilvægt þar sem fáir einstaklingar eru með TSC á Íslandi.

Við fjölskyldan erum Einstökum börnum þakklát fyrir að hafa veitt okkur ráðstefnustyrk til að hafa möguleika á að fara til Dallas.

„Á meðan strákarnir voru í öruggum höndum gátum við foreldrarnir valið úr fjölda fyrirlestra en það er mjög einstaklingsbundið hvernig sjúkdómurinn sem Daníel er með hefur áhrif á einstaklinginn og völdum við því fyrirlestra sem gögnuðust okkur hvað best.“



# Krakkaklúbburinn Krummi

*Listasafn Íslands hefur lengi verið með virkt barnastarf þar sem viðburðir eru skipulagðir í tengslum við sýningar safnsins. Á þessu ári gekk safnið þó skrefinu lengra með stofnun Krakkaklúbbsins Krumma. Við ræddum við Ragnheiði Vignisdóttur, verkefnisstjóra Krakkaklúbbsins.*

**M**arkmið Krakkaklúbbsins Krumma er meðal annars að fjölskyldustarfið í Listasafni Íslands taki virkan þátt í barnamenningu á Íslandi og að fólk geti ávallt gengið að fjölbreyttri og vandaðri dagskrá fyrir fjölskyldur í tengslum við sýningar safnsins. Klúbburinn er ætlaður börnum á öllum aldri og fjölskyldum þeirra og er öllum að kostnaðarlausu," segir Ragnheiður.

Með stofnun krakkaklúbbsins vill Listasafn Íslands heiðra Ásgerði Búadóttur myndlistarmann. „Við notum klippimyndir úr barnabókinni *Rauði hatturinn* og *krummi* eftir Ásgerði sem innblástur og merki barnastarfsins, en safnið hefur fengið leyfi frá höfundaréttihöfum til þess að nota myndirnar. Hugmyndin er að krakkaklúbburinn verði starfandi með safninu til lengri tíma og taki virkan þátt í barnamenningu á Íslandi," útskýrir Ragnheiður.

Við dagskrágerð Krakkaklúbbsins eru sýningar og starfsemi safnsins ávallt

höfð að leiðarljósi. „Dagskrá er gefin út tvisvar sinnum á ári, fyrir tímabilin janúar til júní og ágúst til desember, og eru viðburðirnir endurteknir tvisvar sinnum í sama mánuði. Þannig komast fleiri að og við getum nýtt vel þá þekkingu og undirbúningsvinnu sem liggur að baki hverjum viðburði. Dagskráin 2019 verður lífleg og með ótrúlega fjölbreyttum og skemmtilegum viðburðum. Enginn má missa af stórkostlegri galdrasýningu í safninu þann 19. janúar kl. 14 í tengslum við sýninguna *Véfréttir – Karl Einarsson Dunganon*. Ótrúlegustu hlutir munu gerast þá og sjón er sögu ríkar! Þann dag verður dagskrá Krakkaklúbbsins Krumma 2019 kynnt og öll börn fá viðburðardagskrá með sér heim," segir Ragnheiður.

Aðspurð um aðsókn segir Ragnheiður hana hafa verið alveg frábæra það sem af er ári. „Fólk kemur gjarnan aftur og aftur. Eins gerist líka oft að börn sem að koma á safnið með skólanum sínum eða leikskóla koma aftur með foreldrum sínum um

helgar, eru þá búin að segja fjölskyldunni heima frá ánægjulegri safnaheimsókn og vilja koma aftur. Það eru sannarlega bestu meðmælin," segir Ragnheiður að lokum.

## Markmið krakkaklúbbsins Krumma

**Að í Listasafni Íslands sé fjölsótt og virkt barna- og fjölskyldustarf**

**Að dagskrá sé útgefin tvisvar á ári, fjölbreytt og í tengslum við starfsemi safnsins**

**Að allir geti tekið þátt, sér að kostnaðarlausu**

**Að Krakkaklúbburinn Krummi í Listasafni Íslands festi sér sess í huga foreldra og barna á Íslandi með því að starfa með safninu til lengri tíma**

**Að taka virkan þátt í barnamenningu á Íslandi**



# 30 ára afmæli ADHD samtakanna

ADHD samtökin voru stofnuð 7. apríl 1988 og fylla því þriðja tuginn á afmælisárinu.



Í upphafi hétu samtökin „foreldrafélag misþroska barna“ og voru eins og nafnið bendir til stofnuð af foreldum barna sem á þeim tíma voru greind sem misþroska. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar, nú vita menn að ADHD er taugaþroskaröskun sem ekki hverfur á fullorðinsárum, þó birtingarmyndir ADHD og áhrif á daglegt líf hvers og eins breytist með auknum þroska og þekkingu. Að sama skapi hefur almennur skilningur á ADHD aukist til muna og vart saman að líkja stöðunni á níunda áratugnum.

## Afmælishátíð

Á afmælisárinu hafa ADHD samtökin stað fyrir ýmsum atburðum til að vekja athygli á röskuninni og um leið fagna þessum merka áfanga. Þann 2. september síðastliðinn héldu ADHD samtökin veglega

## afmælishátíð í

Iðnó. Hátíðin var litrík og fjörug rétt eins og lífið er svo gjarnan meðal einstaklinga með ADHD. Fullt var út úr dyrum og gestir gæddu sér á hefðbundinni afmælisköku með kaffinu. Saga Garðarsdóttir stýrði afmælisveislunni með glans, leiddi gesti í afmæliðssöng, leikhópurinn Lotta skemmti gestum og Sirkus Ísland sló í gegn með stórfenglegum áhættuatriðum. Tónlistarmenn úr ýmsum áttum stigu á stök og börnin tóku virkan þátt í skemmtuninni. Boðið var upp á skemmtileg verkefni utandyra þar sem þau fengu m.a. að spreyta sig á sirkusatriðum, gefa öndunum brauð ásamt því að boðið var upp á blöðrudýr.

## Endurskinsmerki

Október er alþjóðlegur ADHD vitundarmánuður. Í upphafi mánaðar gáfu sam-

tökin að venju út ný endurskinsmerki með myndum eftir Hugleik Dagsson. Myndirnar reyna að fanga þann vanda sem fólk með ADHD stendur oft frammi fyrir „Hvað ætlaði ég aftur að segja?“ og „Hvað var ég aftur að fara að gera?“. Elín H. Hinriksdóttir formaður samtakanna afhenti Vilborgu Oddsdóttur félagsráðgjafa og fulltrúa Systkinasmiðjunnar fyrstu merkin.

## Systkinabæklingur

Nýr bæklingur var einnig gefinn út og nefnist „Systkini og ADHD“. Lengi hefur verið eftirspurn eftir slíku efni og var ráðist í útgáfu hans. Í bæklingnum er farið yfir þá erfiðleika sem systkini barna með ADHD glíma gjarnan við og hvaða áhrif





Það getur haft á fjölskylduna í heild. Einnig fylgja upplýsingar um góð ráð og aðferðir sem nýst geta fjölskyldunni. Bæklingurinn gagnast jafnt foreldrum, öðrum aðilum sem koma að uppeldi barna og ekki síður ömmum og öfum.

#### Afmælisráðstefna

Að auki stóðu ADHD samtökin fyrir veglegri afmælisráðstefnu horft var annars vegar til málefna kvenna með ADHD og hins vegar systkina barna með ADHD. Tilgangurinn var að vekja athygli og auka skilning á þeim áskorunum sem þessir hópar glíma við í daglegu lífi. Fjöldmargir erlendir fyrirlesarar fluttu erindi á ráðstefnunni og að auki voru kynntar nýjar íslenskar rannsóknir á málefnum einstaklinga með ADHD.

Afmælisráðstefnan var vel sótt og voru þátttakendur sammála um gagnsemi hennar.



Í sveitinni voru sjö hlauparar og hlupu þau öll í fötum frá Boss búðinni.

## Hlaupið fyrir Umhyggju í kjólum og jakkafötum

Í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka í ágúst síðastliðnum vakti eitt lið sérstaka athygli sökum glæsilegs klæðaburðar. Þar var á ferðinni lið Boss búðarinnar, Kringlunni sem hljóp til styrktar Umhyggju. Í sveitinni voru sjö hlauparar og hlupu þau öll í fötum frá Boss búðinni, konurnar í dökkbláum kjólum og karlarnir í jakkafötum. Við hittum Pétur Ívarsson hlaupagarp og verslunastjóra Boss búðarinnar og báðum hann að segja okkur frá hlaupaævintýrinu.

■ Ég hef þrisvar sinnum verið með hlaupaupptökum í Reykjavíkumaraþoninu. Ég hef ýmist verið einn eða fengið með mér aðra hlaupara og búið til sveit. Árið 2014 hljóp ég einn, árið 2017 var ég með karlasveit og núna síðast var ég með kvennasveit. Í ár var liðið skipað 5 konum og 2 körlum og öll hlupum við heilt maraþon," segir Pétur.

Aðspurður um af hverju Umhyggja hafi orðið fyrir valinu í ár segir Pétur það hafa verið tilviljun. „Ég hef alltaf valið að styrkja samtök sem tengjast börnum. Í fyrra hlupum við t.d. fyrir Einstök börn og árið 2014 fyrir SKB. Það er nógu erfitt að eiga heilbrigð börn þannig að ég ætla ekki einu sinni að reyna að setja mig í spor þeirra foreldra sem eiga veik börn. ➔

Eftir að hafa skoðað vefsíðu Umhyggju og kynnt mér félagið betur varð niðurstaðan þessi og samþykktu hlauparar hópsins það einróma," segir Pétur.

Sérstaka athygli vakti hversu vel klæddir hlaupararnir í sveit Péturs voru. „Í fyrra fékk ég hlaupafélaga mína til að hlaupa með mér í Boss jakkafötum. Til þess að gefa þessu meira vægi og til að vekja athygli á söfnuninni það ég Kára Stein Karlsson, íslandsmethafi í maraþoni, að vera með okkur og hann samþykkti það án umhugsunar. Í ár voru í sveitinni m.a. Elísabet Margeirsdóttir ofurhlaupari, sem hljóp í skarðið fyrir hlaupakonu sem forfallaðist vegna meiðsla á síðustu stundu, og einnig Martha Ernstdóttir íslandsmethafi í maraþoni. Konurnar hlupu allar í Boss kjólum og við karlarnir í jakkafötum eins og í fyrra. Martha, líkt og Kári, var tilbúin að leggja þessu góða málefni lið og þar sem þau kusu bæði að hlaupa með flögu sem mælir tímann er það víst ég sem ber ábyrgð á verstu skráðu tímum þessara bestu hlaupara landsins," segir Pétur kíminn.

Pétur segir stemninguna í Reykjavíkurmaraþoni alltaf vera einstaka. „Það á sérstaklega við um fyrrihluta hlaupsins. Seinnihluti heils maraþons er stundum dálítið einmanalegur en þá er frábært að vera í góðum hópi. Það að hlaupa í sparifötum er ekkert sérstaklega þægilegt, en allir sem hafa hlaupið með mér eru vanir hlauparar og því gekk þetta mjög vel."

Eins og alltaf bætti Boss búðin 10% ofan á öll framlög og í ár gerði Hugo Boss Nordic það líka. „Við enduðum í 1.574.888 krónum og var ég afskaplega ánægður með þá niðurstöðu. Það verður nefnilega alltaf erfiðara og erfiðara að safna með hverju árinu því félögum sem hægt er að styrkja fjölgar jú ár frá ári eftir því sem vegur hlaupsins vex. Í þessi þrjú skipti sem Boss búðin hefur hlaupið fyrir góðgerðarsamtök höfum við náð að safna allt í allt um 5.000.000 króna. Við erum afar ánægð að geta létt undir með foreldrum veikra barna með þessum hætti og eigum sannarlega eftir að endurtaka leikinn," segir Pétur að lokum.

„Það á sérstaklega við um fyrrihluta hlaupsins. Seinnihluti heils maraþons er stundum dálítið einmanalegur en þá er frábært að vera í góðum hópi. Það að hlaupa í sparifötum er ekkert sérstaklega þægilegt, en allir sem hafa hlaupið með mér eru vanir hlauparar og því gekk þetta mjög vel."




# Líkami minn er veikur

- Nýutkomin bók fyrir börn með krabbamein

Nú í byrjun desember kemur út ný bók ætluð börnum sem glíma við krabbamein, en hún ber nafnið **Líkami minn er veikur**. Elín Berglind Skúladóttir er höfundur bókarinnar, en hún er einnig móðir 5 ára krabbameinsveikrar stúlku. Við tókum Elínu Berglindi tali og fræddumst um tilurð bókarinnar.

Þegar dóttir mín, Arndís Petra, veiktist í fyrrasumar af bráða-hvitblæði, þá 4 ára gömul, ákvað ég að búa til félagsfærni-sögu fyrir hana til að hjálpa henni, en slíkar sögur þekki ég mjög

vel úr kennarastarfinu. Ég bað vinkonu mína, Ninnu Þórarinsdóttur, teignara og hönnuð, um að prenta hana út og í framhaldinu ákvað hún að búa til myndir við söguna. Þetta vatt svo upp á sig og nú er bókin að koma út," segir Elín Berglind.



Bókin er ætluð ungum börnum, en er þó ekki hugsuð til þess að útskýra krabbamein. „Miklu frekar gengur bókin út á að útskýra til hvers er ætlast til af þeim í gegnum meðferðina svo þau verði síður hrædd og óörugg. Þetta er saga sem stelpunni minni þykir ótrúlega vænt um og hefur hjálpað henni virkilega mikið. Ég hef svo bætt við söguna í gegnum ferlið þegar við mætum nýjum áskorunum,” segir Elín Berglind. Ninna, sem sér um myndskreytingarnar, er lærður barnameningarhönnuður. „Ég er alveg í skýjunum með það hvernig bókin kemur út og hversu vel Ninna hefur unnið hana. Myndirnar bæta gríðarlega miklu við söguna og gefa tækifæri til umræðna. Eins eru þær glaðlegar



og draga fram björtu hliðarnar, sem er mikilvægt,” segir Elín Berglind.

Þær Elín Berglind og Ninna gefa bókina út sjálfar og ákváðu að fjármagna útgáfuna á Karolina Fund. „Söfnunin gengur vel. Í upphafi ætluðum við að gefa út 100 bækur, nú eru þær komnar í 200 og verða jafnvel fleiri. Þótt útgáfan sé smá í sniðum er aðalatriðið að bókin komi út og geti hjálpað einhverjum sem lendir í þessari stöðu,” útskýrir Elín Berglind. „Bókaskrifin hafa hjálpað mér mjög mikið. Þegar börn veikjast er fólk tilbúið að gera allt fyrir mann og það er gott að geta gert eitthvað til að hjálpa öðrum á móti,” bætir Elín Berglind við að lokum, en allur ágóði bókarinnar mun renna til Styrktarfélags krabbameinsveikra barna.



Elín Berglind Skúladóttir er höfundur bókarinnar, en hún er einnig móðir 5 ára krabbameinsveikrar stúlku.

# Hundavinir Rauða krossins

*Hundavinaverkefni Rauða krossins hefur notið mikils og vaxandi áhuga á undanförunum árum. Um tíma hafa Hundavinir eingöngu heimsótt fullorðið fólk en nú í nóvember varð breyting þar á, þegar hundurinn Nala ásamt eiganda sínum heimsótti systkinin Snorra og Elku. Við hjá Umhyggjublaðinu vorum á staðnum, fylgdumst með og fræddumst um Hundavinaverkefnið.*

